

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1983:

	U.S. \$ pr. lbs. cif.
Lausfrystur hörpudiskur .....	3,20
Blokkfrystur hörpudiskur .....	3,00
Rauður hörpudiskur .....	1,77

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 3 3. janúar 1983, um þorskfisknet.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á tímabilinu 16. janúar til fyrsta þriðjudags eftir páska ár hvert, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 7 þumlungar (178 mm).

Á tímabilinu frá og með fyrsta þriðjudegi eftir páska hvert ár til 15. janúar, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 6 þumlungar (152 mm).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*